



Reykjavík, 28. júní 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um textadrög fjórða verkefnis þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands (skilgreining á mörkum þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar).

Hinn 23. maí sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið tillögudrög að skilgreiningu á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Drögin eru unnin af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Frestur til að senda inn umsögn um drögin rennur út hinn 30. júní nk.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið tillögudrögin og í grundvallaratriðum telja SAF tillögudrögin jákvætt innlegg í skýrslu sem áætlað er að nefndin skili ráðherra í september nk. Samtökin vilja þó koma á framfæri eftirfarandi

Mörk miðhálandisþjóðgarðs.

Samtökin telja tillögur nefndarinnar um mörk miðhálandisþjóðgarðs vera raunhæfar og líklegar til þess fallnar að verða lokaniðurstaða verði miðhálandisþjóðgarður að veruleika. Tillögurnar fela ekki í sér neina skörun á hagsmunum sveitarfélaga, landeigenda eða annarra sem hafa afnot af þjóðlendum. Samtökin benda á það sem áður hefur komið fram um að við val á samstarfsaðilum verið litið til reynslu þeirra sem eru með starfsemi innan marka miðhálandisþjóðgarðs.

Áherslu við skiptingu landsvæða

Samtökin telja þá víðtæku flokkun um verndarstig sem fram kemur í tillögunni jákvæðar en telja ærna ástæðu til að fara nákvæmar í það síðar með tilliti til verðmæta og eiginleika svæða. Samtökin telja mikilvægt að hafa svæði núverandi virkjanna innan þjóðgarðs og nauðsynlegt að finna framtíðarfyrirkomulagi á því sviði farveg innan þjóðgarðsins, frekar en að umrædd svæði séu tekin út fyrir garðinn.

Aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir 14 svokölluðum þjóðgarðsgáttum sem samkvæmt lýsingu eru byggingar með ýmiskonar þjónustu, á láglandi utan þjóðgarðs, sem ríkið á og hefur umsjón með. Samtökin benda á að skilgreina þarf vel rekstur og uppbyggingu slíkra þjónustugátta og gera athugasemd við þann fjölda sem lagður er til. Mjög mikil hætta er á að fjármagn fari frekar í rekstur þjónustugáttanna en í uppbyggingu á innviðum þjóðgarðsins.

Samvinna einkaaðila við þjóðgarðinn (PPP)

Samtökin fagna hugmyndum nefndarinnar um að leitað verði til þeirra aðila sem hafa staðarþekkingu við svæðisstjórnun. Þetta er í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá nefndinni og samtökin hafa stutt um að efla samstarf þjóðgarðsyfirvalda við þá sem hafa með höndum atvinnustarfsemi og aðra starfsemi innan miðhálandisþjóðgarðs. Slíkt fyrirkomulag er afar líklegt til að skapa tækifæri fyrir báða aðila. Með aukningu á slíku samtarfi og að formgera það betur má ná bættum árangri t.d. við fyrirbyggjandi aðgerðir í náttúruvernd, landvörslu og öryggismálum.

Að lokum

Að lokum vilja samtökin benda á mikilvægi þess að miðhálandisþjóðgarður verði ætlaður öllum sem hann vilja sækja, bæði innlendum sem erlendum gestum, einstaklingum og hópum sem sækja upplifun og þjónustu í þjóðgarðinn. Ráðgerður miðhálandisþjóðgarður nær yfir stóran hluta Íslands og því um gríðarlega stórt svæði að ræða. Þó svo að viss svæði geti verið þétt setin af ferðamönnum á ákveðnum tímum er á engan hátt hægt að segja að um „massatúrisma“ sé að ræða hér á landi. Þó ber að gæta að þolmörkum náttúru og samfélags með því að huga að álagsstýringu á þeim stöðum þar sem fjöldinn er mestur.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson